

Sp.

39. Tillaga til þingsályktunar

[37. mál]

um smíði fiskibáta innanlands.

Flm.: Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. að láta á næstu tveimur árum smíða innanlands 200 litla fiskibáta (trillur) af hentugum stærðum og gerðum;
2. að láta á næstu tveimur árum smíða innanlands 20 fiskibáta, 30—60 tonn brúttó. Sjómönnum og útvegsmönnum verði gert kleift að eignast báta þessa með hagkvæmum greiðsluskilmálum og vaxtakjörum.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að afla sér lagaheimildar, sem hún telur þurfa til lántöku vegna bátasmiða þessara og til veitingar stofnlána út á bátana.

Greinargerð.

Með stækkun fiskveiðalandhelginnar vorið 1952 voru gerðar ráðstafanir, sem ætla má að leiði til þess, að fiskgengd vaxi næstu árin á grunnmiðum hér við land. Hin gegndarlausu rányrkja miðanna samfara stóraukinni veiðitækni hafði gengið svo á fiskstofninn, að mörg beztu mið hér við land voru uppurin og ördeyða fram undan, ef ekkert hefði verið að gert. Aflabresturinn á grunnmiðum hafði bitnað mjög hart á bátaútleið landsmanna og haft geigvænlegar afleiðingar fyrir mörg sjávarþorp og jafnvel heila landshluta. Hins vegar er það alkunna, að fiskibátar, sem róa á grunnmið og koma daglega með veiði sína að landi, afla hins bezta og verðmætasta fisks, sem völ er á, og er auðvelt að framleiða úr bátafiski hina ágætustu vöru. Jafnframt er þess að geta, að fiskibátar veita landverkafólki góða atvinnu og hafa orðið helzta lyftistöng margra sjávarþorpa. Hefur útgerð þeirra, þegar afli brást ekki, reynzt bæði farsæl og hagkvæm frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, þar eð stofn- og rekstrarkostnaður er hverfandi lítill, miðað við eftirtækjuna.

Stækkun fiskveiðilandhelginnar og augljós aukning fiskgengdar á bátamiðum leggur grundvöll til stóraukinnar smábátaútgerðar. Hefur þess og orðið greinilega vart, að margir dugandi menn hafa nú hug á því að koma sér upp smábátaútgerð. Reynist það þó örðugt félitlum mönnum, eigi sízt vegna þess, að þeir eiga mjög torvelt með að fá hagkvæm lán út á bátana. Smábátafloti landsmanna hefur gengið mjög úr sér undanfarin aflaleysisár. Er því augljós og mjög alvarleg slysaþætta í því fólgin, ef gerðir verða út í vaxandi mæli gamlir og lélegir bátar, svo sem dæmi eru til og allar horfur eru á að færast mjög í vöxt, ef ekki verður gripið til sérstakra ráðstafana af hálfu hins opinbera til að auðvelda mönnum að eignast nýja og góða báta.

Samkvæmt lauslegri athugun, sem gerð hefur verið, mun láta nærri, að góður 5—6 tonna opin vélbátur kosti sjófær um 60 þús. kr. Mætti því smíða 200 slíka

báta fyrir 12 milljónir króna, en það er litlu hærri upphæð en einn togari mundi kosta, ef hann væri smíðaður nú.

Ekki mun fjarri lagi að gera ráð fyrir því, að 200 bátar af þeirri stærð, sem hér um ræðir, gætu veitt um 800 manns atvinnu. Erfitt er að gizka á, hversu miklum verðmætum slíkur bótafloti mundi skila þjóðarbúinu árlega, en óhætt mun að gera ráð fyrir, að í sæmilegu aflaári verði það allmiklu hærri upphæð en öllum stofn-kostnaði nemur. Við þetta bætist enn sú atvinna, sem myndaðist við smíði þessara báta í landinu, en sjálfsagt er, að innlendar skipasmíðastöðvar, sem flestar hafa takmörkuð verkefni, verði látnar annast smíðarnar.

Æskilegt er og eðlilegt, að þeir menn, sem vinna við bátana, eigi þá sjálfir, en til þess verður ríkið að hlaupa undir bagga og útvega 5—10 ára stofnlán til þessara framkvæmda.

Síðari liður þingsályktunartillögu þessarar fjallar um það, að gerðar verði ráðstafanir til smíði 20 allstórra vélbáta innanlands á næstu tveimur árum. Það er al-kunna, að mjög hefur dregið úr íslenskri bátasmíði nú um hríð, og verður það að teljast mjög illa farið. Eigi bótafloti landsmanna ekki að rýrna til muna, er nauðsynlegt, að við hann bætist árlega allmargt nýrra skipa. Reynslan hefur sýnt, að gamlir bátar, keyptir frá útlöndum, gefast yfirleitt illa. Erlendir bátar, þótt nýir væru, hafa einnig reynzt síðri en íslenskir bátar. Íslendingar gera meiri kröfur um styrkleika og gæði fiskibáta en flestar þjóðir aðrar, enda er hér oft illum veðrum að mæta, einkum á vetrarvertíð. Íslenskar skipasmíðastöðvar hafa sýnt, að þær geta smíðað mjög góða báta, sem reynast vel í vetrarveðrum hér við land. Styrkleiki báta frá íslenskum skipasmíðastöðvum hefur og þann mikla kost, að viðhald bátanna er miklu ódýrara en báta, sem keyptir hafa verið frá útlöndum. Aftur á móti hafa íslenskar bátar orðið nokkru dýrari en erlendir, og valda því einkum há aðflutningsgjöld á efni til bátanna, vélum í þá og öðrum tækjum. Sé tekið tillit til hins hlutfallslega lága viðhaldskostnaðar íslensku bátanna, mun reyndin þó hafa orðið sú, að þeir hafa raunverulega orðið ódýrari en erlendir bátar.

Nýsmíðar fiskibáta eru mikilvægt hagsmunamál fyrir hinn myndarlega skipasmíðaiðnað Íslendinga. Rekstur góðra skipasmíðastöðva er bráðnauðsynlegur viðhaldi bótaflotans. Viðgerðum báta er þannig háttað, að þær eru miklar á vissum tímum árs, en á öðrum árstímum þurfa skipasmíðastöðvarnar að geta unnið að nýsmíðum, ef rekstur þeirra á að geta verið nokkurn veginn í lagi, svo sem útvegi landsmanna er nauðsynlegt. Ber því allt að sama brunn. Innlendar bátasmíðar eru þjóðhagsleg nauðsyn.